



### Borgarráð

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi tímaáætlun vegna skuldabréfaútboða á seinni hluta árs 2017:

20. september  
18. október  
22. nóvember.

### Greinargerð

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að borgarsjóður taki lán vegna framkvæmda á árinu 2017 fyrir allt að 3.012 mkr, sbr. fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017. Gert var ráð fyrir að lántakan yrði framkvæmd með stækkun á verðtryggðum skuldabréfaflokki RVK 53 1 og óverðtryggðum skuldabréfalokki RVKN 35 1.

Nú þegar hefur Reykjavíkurborg aflað 1.484 mkr. til framkvæmda í útboðum í febrúar, apríl og maí. Stefnt er að því að afla 1.528 mkr. á síðari hluta ársins í útboðum á ofantöldum dagsetningum. Lögð verður áhersla á að bjóða út í óverðtryggða skuldabréfaflokknum RVKN 35 1.

Framsetningu útgáfuáætlunarinnar nú er eins og áður. Einungis eru ákveðnar dagsetningar útboða en ekkert nánar um hvert útboð. Þannig er ekki ákveðið hversu háa fjárhæð er stefnt að því að bjóða út í hvert skipti heldur er fjármálastjóra heimilt að ákveða fyrirkomulag útboða í hvert sinn. Markaðsaðstæður eru breytilegar og geta breyst ört og er því nauðsynlegt að hafa svigrúm varðandi fyrirkomulag útboða. Niðurstöður hvers útboðs og tillögur verða síðan lagðar fyrir borgarráð til endanlegrar afgreiðslu.

Birgir Björn Sigurjónsson,  
fjármálastjóri